

Viðtakendur: nefndarmenn í Umhverfisnefnd Alþingis:

Atli Gíslason [atlig@althingi.is](mailto:atlig@althingi.is)

Birgir Ármannsson [birgir@althingi.is](mailto:birgir@althingi.is)

Birgitta Jónsdóttir [birgittaj@althingi.is](mailto:birgittaj@althingi.is)

Guðfríður Lílja Grétarsdóttir [glg@althingi.is](mailto:glg@althingi.is)

Kristján Þór Júlíusson [kristjanj@althingi.is](mailto:kristjanj@althingi.is)

Magnús Orri Schram [magnusorri@althingi.is](mailto:magnusorri@althingi.is)

Steinunn Vladís Óskarsdóttir [svo@althingi.is](mailto:svo@althingi.is)

Vigdís Hauksdóttir [vigdish@althingi.is](mailto:vigdish@althingi.is)

Þórunn Sveinbjarnadóttir [tsv@althingi.is](mailto:tsv@althingi.is)

Umhverfisstofnun: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Umhverfisráðherra: [svandiss@althingi.is](mailto:svandiss@althingi.is)

Ágæti þingmaður,

Í dag Uppstigningardag 21. maí, sem sagt á frídegi, kemur loks í fjölmiðla frétt þess efnis að Orf ehf lífstækniyfirtæki hefur sótt um leyfi til að rækta erfðabreytt bygg í Gunnarsholti, í landi Landgræðslunnar. Þetta erfðabreytta bygg á að nota til framleiðslu á lyfjapróteín til lyfjaiðnaðarins og snytivöruframleiðslu en nota yrki sem á að vera tæknilega betra en Golden Promise yrki sem Orf ehf ræktar þegar í hátæknigróðurhúsi í Grindavík.

Ég vil með þessu bréfi mótmæla harðlega að slíkt leyfi verði veitt vegna þess að:

- 1) ráðgjafanefndin skilaði ekki sameiginlegu álit: ekki einn heldur tveir nefndarmenn, meðal annars sá sem skipaður er í nefndina af Umhverfisráðherra, skiluðu mjög vandlega rökstuddu álit á móti leyfisveitingunni
  - þetta er næg ástæða til að veita ekki leyfið
- 2) hvergi í sérfræðingaáliti eða skýrslu Landbúnaðarháskólans (2004) er slegið föstu að smit eða blöndun geti ekki orðið og margsinnis eru notuð þar orð eins og “ólíklegt”, “ósennilegt” eða álíka - sem þýðir að engin vissa er fyrir hendi um að erfðabreytt bygg með lyfjapróteín innanborðs dreifi sér ekki í náttúrunni. Varúðarreglan sem er grundvöllur laga um erfðabreyttar lífverur er í engu virt. Við bendum á að þetta á að eiga sér stað í landi stofnunar sem á að sjá um að græða landið og á svæði þar sem margir bændur ástunda lífræna ræktun.
  - þetta er næg ástæða til að veita ekki leyfið
- 3) tilskipun 18/2001 sem átti að vera innleidd í íslensku löggjöfina fyrir lok mars 2008 en er á dagskrá Alþingis þessa daga þrengir mjög að þeim reglum sem voru í gildi 1990 og er farið eftir í umsókninni, skiljanlega, meðal annars varðandi upplýsingaskyldu gagnvart almenningi, áhættumat og varúðarreglu
  - þetta er næg ástæða til að veita ekki leyfið
- 4) almenningur eða hagsmunasamtök koma hvergi nálægt umræðunni um þessa leyfisveitingu nema á síðustu metrunum, upplýsingafundur er haldinn úti sveit, á virkum degi og um miðjan dag með 6 daga fyrirvara eftir langa helgi
  - þetta er næg ástæða til að veita ekki leyfið

- 5) ræktun á erfðabreyttum lífverum í Evrópu er víða á undanhaldi vegna óvissu um þessa líftækni og áhrif hennar í umhverfinu og heilsu dýra og manna. Norðurlandarráð ályktaði um merkingar erfðabreyttra matvæla í október 2008 og hvatti ríkisstjórnir Norðurlandanna til að koma upp svæðum sem væru laus við erfðabreytta ræktun. Sjá ályktunina og brot úr fréttatilkynningu ráðsins:

**29-10-2008**

*Nordisk Råd rekommanderer de nordiske landes regeringer, arbejde for og støtte op om, at landbrug og branchens organisationer gennem frivillige overenskomster kan indføre GMO-fri zoner i de nordiske lande.*

- þetta er næg ástæða til að veita ekki leyfið

- 6) Framleiðsla í náttúrunni er í engu nauðsynleg fyrir starfsemi Orf - hún er líklega ódýrari en í hátækni gróðurhúsi - það er mjög léleg ástæða til að láta Ísland taka afleiðingunum þegar skaðinn er skeður. Náttúra Íslands á að njóta vafans.

Ég fer fram á að:

- Að engin ákvörðun verði tekin um þessa umsókn fyrir en að undangegnu öflugri upplýsingagjöf til almennings, að komið verði á vettvangi fyrir skoðanaskipti og ítarlega umfjöllun um málið með aðgengilegum hætti. og sá fundur verði auglýstur fyrir kl 12.00 á hádegi mánudaginn 25. maí;
- tilskipun 18/2001 frá ESB verði innleidd hið fyrsta í íslenskri löggjöf og að engin ákvörðun verði tekin fyrir en að því loknu;
- varúðarreglan verði virt tll hins ítrasta og náttúra Íslands svo og dýr og menn sem í henni lífa njóti vafans.

Virðingarfyllst,